

11. stjórnarfundur EBAK 10. janúar 2024 kl. 14:00

Mætt voru Karl Erlendsson, Karl Guðmundsson, Sigurður Harðarson, Helgi Aðalsteinsson, Valgerður Jónsdóttir, Margrét Alfreðsdóttir, Margrét Marvinsdóttir, Friðrik Vagn Guðjónsson, Þóra Hjaltadóttir og Elín Antonsdóttir

Formaður setti fund kl 14:00

Fundargerð framkvæmdaráðs frá 8. janúar tekin fyrir.

1. Hugmyndir EBAK um viðbyggingu við Bugðusíðu 1 fengu neikvætt svar frá stjórn Sjálfsbjargar. Samþykkt var að hálfu stjórnar að tillögu framkvæmdaráðs að næsta skrefi væri að óska eftir fundi með fulltrúum meirihluta bæjarstjórnar og kynna þeim hugmyndina. Jafnframt að ræða skrifstofumál félagsins sem þarf að gera bragarbót á.
2. Kynntur var fundur sem verður í Ráðhúsinu með fulltrúum bæjarstjórnar og leigufélags aldraðra þann 15. janúar kl. 13:00 en þar kynna fulltrúar leigufélagsins starfsemi sína. Í framhaldi verður fundur EBAK og leigufélagsins á skrifstofu EBAK þar sem viðraðir verða möguleikar og hugmyndir að samvinnu um húsnæðismál.
3. Þá kynnti formaður til sögunnar að verið væri að stofna húsnæðishóp innan félagsins og í framhaldi yrði unnin könnun meðal félagsmanna EBAK um húsnæðisþörfina. Stjórnin lýsir ánægju sinni með þetta framtak.
4. Brátt sér fyrir endann á vinnu við félagaskrána, lýsti stjórnin ánægju sinni með það og formaður þakkaði fyrir góða samvinnu við verkið.
5. Það styttest í aðalfund og uppstillingarnefnd þarf að fara að undirbúa og endurskoða nefndaskipan og hlutverk nefnda.

Jafnframt hvort leggja eigi niður nefndir eða fjölga þurfi í einhverjum. Unnið verður áfram í málinu.

6. Önnur mál

- a. Formaður/skrifstofustjóri tók til máls undir þessum lið, lagði fram og fylgdi munnlega úr hlaði tillögu sinni um breytingar á launakjörum en þá tillögu hafði hann áður lagt fyrir framkvæmdaráðsfund sbr. fundargerð 08.01.24.

Formaður vék síðan af fundi og tók varaformaður við stjórn hans. Umræða varð um tillöguna og tjáði allt stjórnarfolk sig um hana.

Niðurstaðan varð sú að ákvörðun framkvæmdaráðs frá 08.01.24. um að hafna tillögunni, eins og hún er sett fram en bjóða minni hækkun, var samþykkt samhljóða.

Var formaður því næst kallaður inn á fundinn og honum kynnt niðurstaðan. Hann mun taka sér fáeina daga til umhugsunar.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Elín Antonsdóttir

Karl Guðnason
Margrét Ögrymsdóttir
Aðalrik Vagn Öry.
Margrét Ól. Mannvín.

Karl Elín J.
Elín Antonsdóttir
Helga Adalsteinsdóttir
Ólafur Jónsson